

Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, skorar á stjórnvöld að mæta þeirri mismunum sem sveitarfélög á Vestfjörðum og víðar á landsbyggðinni standa frammi fyrir, hvað varðar ljósleiðaravæðingu minni sveitarfélaga.

Greinargerð

Ríkið seldi á sínum tíma grunnnetið til einkaaðila, sem í dag ákvaða; a) í hvaða sveitarfélögum ljósleiðari skuli lagður í hús, íbúum að kostnaðarlausu og b) að í minni sveitarfélögum úti á landi, verði ljósleiðari ekki lagður ókeypis í hús. Þarna er kostnaði varpað á íbúa minni sveitarfélaga af þessum þjónustuaðilum. Minni sveitarfélög á landsbyggðinni, sem áður höfðu tryggingu fyrir aðgerðum sem fólust í eignarhaldi ríkisins á grunnnetinu og þeirri þjónustu sem það veitti, standa nú frammi fyrir verulegum kostnaðarauka til að komast til jafns við stærri sveitarfélög hvað ljósleiðaravæðingu í hús varðar. Þetta er mismunur sem ríkið þarf að leiðrétta.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar